



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 25. júní 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og það sem framundan er. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Rekstraryfirlit janúar-apríl 2021 og fjárfestingayfirlit janúar-maí 2021

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar-apríl og fjárfestingayfirlit vegna janúar-maí sem sveitarstjóri fór yfir og skýrði. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og rekstur sveitarfélagsins almennt. Málið var til kynningar.

3. Sameining sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu

Bréf frá samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu dags. 8. júní 2021

Fyrir fundinum lá bréf frá samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu sem lagt var fram til kynningar. Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir niðurstöðu kosninga. Fram kom að sveitarstjóri og oddviti Skagabyggðar hafi fundað í kjölfar kosninga í tengslum við mögulega sameiningu Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar og gerði sveitarstjóri grein fyrir fundinum. Var sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með sveitarstjórn Skagabyggðar til þess að meta hvort sameiginlegur grundvöllur sé fyrir því að hefja formlegar viðræður milli sveitarfélaganna.



4. Umsögn um rekstrarleyfi Harbour restaurant ehf.

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um rekstrarleyfi vegna veitingu veitinga á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Erindið var áður til umfjöllunar sveitarstjórnar á fundi þann 21. maí sl. en var frestað þar sem umsögn byggingafulltrúa lá ekki fyrir.

a. Harbour restaurant ehf.

Umsækjandi: Hafdís Hrund Ásgeirsdóttir, kt. 301175-4699 fh. Harbour restaurant ehf. kt. 510521-1530. Veitingahúsið er í flokki II, tegund veitingahús.

Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn sveitarstjórnar:

Fyrir fundinum lágu jákvæðar umsagnar byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Sveitarstjórn gerir því engar athugasemdir við að orðið verði við leyfisumsókn.

5. Umsóknir um rekstur Fellsborgar og samning um skólamáltíðir

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir um rekstur Fellsborgar og samning um skólamáltíðir fyrir Höfðaskóla. Annars vegar frá Liyu Behaga. Í umsókn kom fram að óskað væri eftir að gera samning um rekstur á Fellsborg og skólamáltíðum en einnig að gera eingöngu samning um skólamáltíðir. Þá lá fyrir umsókn frá Birnu Sveinsdóttur f.h. Harbour restaurant ehf. sem sækir um skólamáltíðir og rekstur Fellsborgar. Sveitarstjórn fór yfir framlagaðar umsóknir. Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Harbour restaurant ehf. og var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Umsóknir um veiði á mink og ref

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir vegna sumarveiði á mink og ref í landi sveitarfélagsins. Annars vegar frá Þresti Árnasyni og hins vegar frá Jóni Heiðari Jónssyni, en báðir aðilar hafa verið með samning við sveitarfélagið um veiðarnar áður. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Þröst um verkefnið og var sveitarstjóra falið að ganga frá samningi.



7. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

8. Bréf

a. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 7. maí 2021

Með erindinu óskar ráðuneytið eftir því að gjaldskrá vatnsveitu sveitarfélagsins verði yfirfarin með hliðsjón af meðfylgjandi leiðbeiningum ráðuneytisins og upplýst verði um niðurstöðu sveitarfélagsins varðandi hvaða forsendur eru fyrir þeim útreikningu sem gjaldskrá vatnsveitunnar um álagningu vatnsgjalds er byggð á sbr. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fer ráðuneytið fram á að vera upplýst um langtímaáætlun vatnsveitunnar sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Ræddi sveitarstjórn erindið en fram kom í máli sveitarstjóra að óskað hafi verið eftir fresti til þess að svara erindinu en tilgreindur frestur skv. erindi er 30. júní. Var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og senda umbeðnar upplýsingar til ráðuneytis að vinnu lokinni.

b. Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra dags. 20. maí 2021

Með erindinu er óskað eftir þátttöku sveitarfélagsins vegna viðbyggingar við verknámshús Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins er 288 milljónir og hlutur Sveitarfélagsins Skagastrandar 17,3 milljónir. Sveitarstjórn samþykkir þátttöku í verkefninu með fyrirvara um aðkomu ríkisins, endanlegan bygginakostnað og að kostnaður dreifist á byggingartímann.

c. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið dags. 28. maí 2021

Með bréfinu er tilkynnt um breytingu á jarðarlögum nr. 81/2004. Lagt fram til kynningar.

d. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 1. júní 2021

Með bréfinu er send fundargerð XXXVI. landsþings sambandsins og samhliða vakin athygli á bókun sambandsins frá fundi stjórnar þann 28. maí sl. „Stjórn sambandsins hvetur sveitarfélög til að taka skýrslu Framtíðarseturs Íslands, sem var



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

kynnt á landsþinginu 21. maí 2021, til umræðu í sveitarstjórn og undirbúa sig þannig fyrir landsþing 2022.“ Lagt fram til kynningar.

e. Arnar Helgi Lárusson dags. 2. júní 2021

Með bréfinu óskar Arnar Helgi Lárusson f.h. SEM Samtakanna eftir styrk til kaupa á fjórum hjólastóla fjallahjólum. Sveitarstjórn telur ekki forsendur til þess að verða við erindinu.

f. RARIK tölvupóstur dags. 7. júní 2021

Með bréfinu er tilkynnt að stjórn RARIK ásamt forstjóra og framkvæmdastjórum verði á Norðurlandi 20. ágúst nk. m.a. til að hitta sveitarstjórnarmenn á svæðinu. Sveitarstjórn fagnar áætlaðri heimsókn RARIK á svæðið til þess að ræða hagsmuni sveitarfélagsins.

9. Fundargerðir

a. Aðalfundur Heimilisiðnaðarsafnsins ásamt ársskýrslu dags. 27. maí 2021

Lögð fram til kynningar

b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. maí 2021

Lögð fram til kynningar

c. Aðalfundur stjórnar Cruise Iceland ásamt ársskýrslu dags. 3. júní 2021

Lögð fram til kynningar

d. Stjórnar SSNV dags. 3. júní 2021

Lögð fram til kynningar

e. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 4. júní 2021

Lögð fram til kynningar

f. Fræðuslunefndar dags. 2. júní 2021

Lögð fram til kynningar

10. Önnur mál

Með vísan til 8. gr. Samþykktar Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014 verður reglubundinn fundur sveitarstjórnar í júlí felldur niður vegna sumarleyfa og næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 13. ágúst 2021.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og fundi slitið kl. 11:40


Halldór G. Ólafsson


Péturína Laufey Jakobsdóttir


Róbert Kristjánsson


Guðmundur Egill Erlendsson


Kristín B. Leifsdóttir


Alexandra Jóhannesdóttir

